

Reykjavík 24 mars 2015.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 30/3 2015
Málsnr: 1505562
Bréfal: 5212

Hafnarfjarðarbær, Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Bæjarráð bt. Rósu Guðbjartsdóttur, formanns
Suðurgötu 6. 220 Hafnarfirði.

Efni: Umsókn um lóð við Suðurbæjarlaug – Samstarf um rekstur heilsuræktarstöðvar.

Í mars 1999 opnaði heilsurækt Gym heilsu ehf í Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði. Frá þeim tíma hafa Hafnarfjarðarbær og Gym heilsa ehf farsælega rekið þá þjónustu áfalla og ágreinings laust. Gym heilsa ehf rekur heilsurækt í samstarfi við sjö sveitarfélög utan Reykjavíkur. Gym heilsa ehf selur upb 8000 árskort og eru gestir okkar árlega um 480 þúsund. Þúsundir hafa æft í stöðvunum undanfarin ár og notið persónulegrar þjónustu hæfra þjálfara.

Gym heilsa ehf hefur sérhæft sig í rekstri heilsuræktar í sundlaugarmannvirkjum. Gym heilsa ehf, hefur þá viðskiptahugsjón að líkamsrækt sé fyrir alla óháð efnahag. Líkamsrækt í mannvirkjum sundlauga sveitarfélaga er lýðheilsumál. Því er verð aðgangs í líkamsræktir okkar ávallt hófstíllt, almenningi til hagbóta.

Starfsemi Gym heilsu ehf, hefur átt þátt í að stækka markaðinn þar sem iðkendur eru samkvæmt reynslu margir utan markhóps almennra líkamsrækta stöðva, sem reknar eru utan sundstaða. Í mörgum tilvikum eru það eldri borgarar og fólk sem hefur ekki verið mikið í tækjaleikfimi áður. Við höfum alltaf haft að markmiði að halda uppi háu þjónustustigi þrátt fyrir hófstílla verðskrá, svo fólk óháð tekjum hafi efni á að stunda líkamsrækt sér til heilsubóta.

Varðandi uppbyggingu og aðkomu framkvæmda á þessum vettvangi höfum reynslu af framkvæmdum eftir 17 ára samfeldann rekstur, hvað viðkemur umgjörð og húsakosti, auk þess að hafa aðgang að Actic Svíþjóð um tæknileg aðriði, en Actic á og rekur á annað hundrað heilsuræktir í Skandinavíu.

Hugmynd okkar er að byggja léttu byggingu upb 500 m2 sunnan við núverandi mannvirki í framhaldi af útiklefum laugarinnar, sem tengist þá núverandi mannvirki. Bygging sem félli vel að því umhverfi sem þegar er til staðar. Heilsuræktaraðstaðan sem nú er í Suðurbæjarlaug hefur aukið á gæði þeirrar þjónustu sem mannvirkið veitir. Með þessari stækkun yrði hægt að veita betri og breiðari þjónustu. Sú takmarkaða aðstaða sem Gym heilsa ehf hefur haft í kjallara Suðurbæjarlaugar hefur og er að skila bæjarsjóði verulegum tekjum. Þörf er á stækkun aðstöðu líkamsræktar í mannvirkinu þar sem vinsældir Suðurbæjarlaugar eru miklar og margir Hafnfirðingar sækja þessa þjónustu þangað. Aðstaðan í kjallaranum hamlar frekari starfsemi og er í raun undrunarvert hve vel hún er sótt, þrátt fyrir þrengslí og litla lofthæð í rýminu.

Við teljum að núverandi aðstaða, móttaka, búningaklefar og böð þjóni auðveldlega aukinni starfsemi.

Gym heilsa ehf er opið fyrir ýmsum möguleikum hvað byggingarform og stærð heilsuræktar og er tilbúin í vinnu við að þróa hugmyndir um verkefnið í samstarfi við Hafnarfjarðarbær.

Vonast er til jákvæðra undirtekta varðandi erindi þetta. Gym heilsa ehf er tilbúin til framkvæmda strax.

Með góðri kveðju. Kjartan Már Hallkelsson
rekstrarstjóri
Kjartana.gymheilsa.is
Sími 8663084